

LEYFI TIL AÐ ELSKA

1. árgangur
1. tölublað
Janúar 2023

Missir sem börn upplifa við útilokun frá foreldri

Jennifer J. Harman, Mandy L. Matthewson
og Amy J. L. Baker

Fórnarlömb foreldraútilokunar upplifa
margvíslegan missi sem veldur varanlegum
skaða á þroskaferli barna.



Leyfi til að elska, 1. árgangur, 1. tölublað, janúar 2023

ISSN 2988-8735

Útgefandi: Foreldrajafnrétti

Ritstjórn: Brjánn Jónsson, Hilmar Garðars Þorsteinsson og Sigríður Sólan.

© Foreldrajafnrétti

Tímarit þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta til né í heild, án leyfis.



Útgáfa þessa tímarits er á vegum Foreldrajafnréttis og rannsóknasjóðs Heimis Hilmarssonar, *Leyfi til að elska*. Útgáfan hefur þegið styrki frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og naut um tíma starfskrafta í gegnum átaksverkefnið *Hefjum störf hjá Vinnumálastofnun*. Að verkefninu hefur að auki komið fjöldi sjálfboðaliða með sérþekkingu á þýðingum, málvísindum, sálfræði og félagsráðgjöf og þannig lagt útgáfunni lið með fræðilegu framlagi.

Ritrýndar vísindagreinar og aðrar greinar eru þýddar með samþykki útgefanda og/eða höfunda nema að annað sé sérstaklega tekið fram. Endurprentun efnis í þessu tímariti er með leyfi útgefanda og/eða höfunda nema að annað sé sérstaklega tekið fram.

Hægt er að kaupa prentuð eintök af þessu tímariti og styrkja útgáfuna á heimasíðu tímaritsins:

<https://foreldrajafrnretti.is/leyfitiladelska>

Einnig má styrkja Foreldrajafnrétti og Rannsóknasjóð Heimis Hilmarssonar, *Leyfi til að elska* á vefsíðu félagsins: <https://foreldrajafrnretti.is/styrkja>

Nemendur og fræðimenn sem vilja gera rannsóknir á foreldraútilokun, tengslarofi eða sambands barna og foreldra geta sótt um styrki á vef rannsóknasjóðs Heimis Hilmarssonar, *Leyfi til að elska* á vefsíðunni <https://foreldrajafrnretti.is/rannsoknasjodur>

Áhugasamir aðilar sem vilja leggja sitt af mörkum fyrir frekari útgáfu með þýðingum eða prófarkalestri í sjálfboðastarfi eða eru með upplýsingar um áhugaverðar vísindagreinar sem gagnlegt væri að þýða geta haft samband í gegnum netfangið ritstjorn@foreldrajafrnretti.is

Ábendingar um villur eða tillögur að betrubótum eru vel þegnar. Vinsamlegast sendið slíkar ábendingar eða tillögur á netfangið ritstjorn@foreldrajafrnretti.is

Börn sem eru útilokuð frá foreldrum sínum upplifa umfangsmikinn missi

„Að vera útilokuð frá mömmu hafði áhrif á alla þætti lífs míns. Ég hef upplifað sorg og missi oft og mörgum sinnum. Ég missti mömmu mína. Ég glataði sambandi við fjölskylduna mömmu megin. Pabbi flutti með mig milli ríkja og úr landi og ég missti tengsl við allt mér kunnuglegt. Mér fannst ég vera stefnulaus. Ég gat ekki séð sjálfa mig í framtíðinni og vissi ekki hvar ég passaði inn í þennan heim. Ég fann fyrir stöðugum innri sársauka án þess að vita hvaðan hann kom. [Seinna missti ég] mömmu mína, hún stytta sér aldur, og seinna í lífinu var ég útilokuð frá mínum eigin börnum. Erfiðast var að enginn í kringum mig hafði skilning á því hvað ég upplifði.“

Þannig lýsir Amanda Sillars áhrifum foreldraútilokunar á líf sitt. Ummælin birtust í nýlegri vísindagrein sálfræðinganna Jennifer J. Harman, Mandy L. Matthewson og Amy J.L. Baker um áhrif foreldraútilokunar á börn. Í þessu fyrsta tölublaði *Leyfi til að elska* birtum við íslenska þýðingu á þessari grein. Greinin birtist fyrst á frummálinu á vef ritrýnda vísindaritsins *Current Opinion in Psychology* árið 2021.

Greinin fjallar um þann missi sem börn upplifa við útilokun frá foreldri. Foreldraútilokunaratferli tengist höfnun barns á foreldri af óréttmætum ástæðum. Helstu niðurstöður rannsókna sálfræðinganna, sem byggja á vísindalegum gögnum sem ná til meira en þriggja áratuga, eru þær að börn sem hafa verið útilokuð frá foreldri upplifa verulegan missi á mörgum sviðum lífsins. Missir barnsins á sambandi við útilokað foreldri felur iðulega í sér missi á mikilvægu félagslegu stuðningsneti.

Foreldraútilokun á sér stað þegar barn skipar sér í flokk með öðru foreldrinu og hafnar hinu án gildrar ástæðu vegna foreldraútilokunaratferlis. Grein fræðimannanna veitir yfirsýn yfir núverandi rannsóknir og kenningar á þessu sviði og innsýn í þann missi sem útilokuð börn upplifa. „Foreldraútilokun hefur áhrif á trúnaðartraust, upplifun og minningar barns gagnvart útilokuðu foreldri og orsakar djúpstæðan missi hjá barninu. Þessi missir felur í sér glötun sjálfsmyndar, upplifana í æsku, stórfjölskyldunnar og samfélagsins ásamt minni virkni og skorti á nauðsynlegum samböndum sem eru grundvöllur fyrir heilbrigðum þroska. Þar af leiðandi upplifa útilokuð börn ósjaldan stöðugan og óljósan missi og þjást því af ósamþykktari sorg í einrúmi,“ skrifa sálfræðingarnir meðal annars.

Börn sem eru fórnarlömb útilokunar upplifa ekki eingöngu missi foreldrasambands. Þau upplifa veruleikafirringu sem skaðar sjálfsmynd, æsku og sakleysi. Þar að auki samband við stórfjölskylduna og önnur samfélög, segir m.a. í niðurstöðu sálfræðinganna. Með þessu sé barnið svipt margs konar stuðningsneti og verkfærum sem stuðla að heilbrigðum þroska. Fræðimennirnir benda á að heilmikil þekking sé nú þegar til staðar um það hvernig foreldraútilokunaratferli skaði börn sem fyrir því verða. Hægt sé að nýta þá vitneskju til verndar komandi kynslóðum barna gegn þessari skaðlegu tegund misnotkunar.

Ritstjórn

Íslenskur titill: Missir sem börn upplifa við
útilokun frá foreldri

Stafrænt kennimerki:

<https://doi.org/10.33112/ltae.1.1>

Titill frumútgáfu: Losses experienced by
children alienated from a parent

Stafrænt kennimerki frumútgáfu:

<https://doi.org/10.1016/j.copsyc.2021.05.002>

Höfundar: Jennifer J. Harman, Colorado State
University, Department of Psychology, 219
Behavioral Sciences Building, Fort Collins, CO,
80523-1876, Bandaríkin

Mandy L. Matthewson, University of Tasmania,
Ástralíu

Amy J. L. Baker, sjálfstætt starfandi ráðgjafi, PO
Box 505, Teaneck, NJ, 07666, Bandaríkjunum

Tengiliður: Jennifer J. Harman,

jennifer.harman@colostate.edu

Upplýsingar: Þessi samantekt er úr þemahefti
um (að)skilnað, félagslega einangrun og missi

Ritstýrt af Gery C. Karantzas og Jeffry A.
Simpson. Fyrir heildaryfirlit má sjá tölublaðið
sjálft sem er aðgengilegt á netinu frá og með 25.
maí, 2021

Tegund: Ritrýnd vísindagrein

Flokkur: Áhrif á börn

Ritverk frumútgáfu:

Current Opinion in Psychology

Frumútgáfa: 2022, 43. bindi, bls. 7–12

Höfundaréttur frumútgáfu: © Elsevier Ltd

CCC leyfisnúmer fyrir þýðingu og útgáfu: 1332833

Þýðingarútgáfa: 2.0 (31.1.2023)

Verkefnastýring: Brjánn Jónsson.

Þýðing: Guðleif Þórunn Stefánsdóttir

Yfirferð þýðingar og umsjón með

hugtakanotkun: Hrefna María Eiríksdóttir

Prófarkalestur: Steinn Bjarki Björnsson og
Bjarni Valur Guðmundsson

Lokaprófork: Sjöfn Kristjánsdóttir

Umbrot og hönnun: Stefán Birgir Stefáns

Myndskreyting: Sigurrós Hallgrímsdóttir

Missir sem börn upplifa við útilokun frá foreldri

Jennifer J. Harman, Mandy Matthewson og Amy J. L. Baker

LYKILORÐ

FORELDRAÚTILOKUN

FORELDRAÚTILOKUNARHEGÐUN

SORG

MISSIR

EINANGRUN

ÚTDRÁTTUR

Foreldraútilokun á sér stað þegar barn skipast í stöðu með öðru foreldrinu og hafnar hinu án gildrar ástæðu vegna foreldraútilokandi hegðunar. Greinin veitir yfirsýn yfir núverandi rannsóknir og kenningar um þann missi sem útilokuð börn upplifa. Foreldraútilokandi hegðun hefur áhrif á tiltrú og traust barns, upplifun þess af og minningar um útilokaða foreldrið og verður til að barn upplifir djúpstæðan missi aftur og aftur. Þessi missir felur í sér missi einstaklingseðlis, upplifana í æsku, stórfjölskyldunnar, samfélagsins og athafna og sambanda sem nauðsynleg eru fyrir heilbrigðan þroska. Þar af leiðandi upplifa útilokuð börn oft stöðugan og óljósan missi og þjást því ein og sér af sorg sem ekki er viðurkennd.

Að vera útilokuð frá mömmu hafði áhrif á alla þætti lífs míns. Ég hef upplifað sorg og missi oft og mörgum sinnum. Ég missti mömmu mína. Ég glataði sambandi við fjölskylduna mömmu megin. Pabbi flutti með mig milli ríkja og úr landi og ég missti tengsl við allt mér kunnuglegt. Mér fannst ég vera stefnulaus. Ég gat ekki séð sjálfa mig í framtíðinni og vissi ekki hvar ég passaði inn í þennan heim. Ég fann fyrir stöðugum innri sársauka án þess að vita hvaðan hann kom. [Seinna missti ég] mömmu mína, hún stytta sér aldur, og seinna í lífinu var ég útilokuð frá mínum eigin börnum. Erfiðast var að enginn í kringum mig hafði skilning á því hvað ég upplifði.

Amanda Sillars (úr persónulegu samtali þann 8. apríl, 2021.)

Foreldraútilokun er fjölskyldumynstur þar sem barn sýnir öðru foreldri (útilokunarforeldri) hollustu en hafnar hinu (útilokaða foreldrinu) á óréttmætan hátt (Lorandos og Bernet, 2020). Eins og fram kemur í upphafi þessarar umfjöllunar upplifa útilokuð börn verulegan missi á mörgum sviðum lífsins. Hjá börnum sem upplifa foreldraútilokandi hegðun og tilheyrandi missi má sjá margþætt neikvæð áhrif sem geta fylgt þeim til fullorðinsára (Verrocchio o.fl., 2017), þar á meðal er lágt sjálfsmat, vantraust á öðrum, erfiðleikar með að verða sjálfbjarga, vímuefnanotkun, þunglyndi og kvíði (Verrocchio o.fl., 2016).

Vísindaleg gögn, sem ná yfir meira en þrjá áratugi, sýna áhrifaþætti og áhrif foreldraútilokunar og hafa leitt til þess að fræðigreinin á þessu sviði er vaxandi (Harman o.fl., 2019). Þrátt fyrir að foreldraútilokun hafi mjög djúpstæð og neikvæð áhrif á allt fjölskyldukerfið (Sims og Rofail, 2014) beinir þessi samantekt sjónum sérstaklega að kenningum og rannsóknum sem tengjast þeim missi sem börn upplifa. Fræðilegar tilvísanir eru notaðar til að skýra og stuðla að skilningi á hvernig foreldraútilokandi hegðun veldur þessum missi.

FORELDRAÚTILOKUN EÐA FRÁHVARF

Foreldraútilokun er frábrugðin fráhvarfi en með því síðarnefnda er átt við réttmæta höfnun á foreldri (vegna illrar meðferðar eða ef uppeldi er verulega ábótavant). Fráhvarf er reyndar sjaldgæft vegna þess að jafnvel börn sem hafa verið beitt ofbeldi af foreldri hafa tilhneigingu til að sýna aukna tengslapörf (t.d. leita eftir nánd) fremur en að draga úr eða eyðileggja tengsl (t.d. höfnun; Baker o.fl., 2019). Höfnun útilokaðs barns á útilokuðu foreldri (án réttmætrar ástæðu) samræmist þannig ekki meðfæddri þörf barna að viðhalda sambandi við umönnunaraðila sína (Warshak, 2020).

FORELDRAÚTILOKANDI HEGÐUN

Magn og tíðni foreldraútilokunarhegðunar (t.d. slæmt umtal og samskiptastýring) skapar fjarlægð og samskiptaörðugleika í sambandi barnsins við hitt foreldrið og hana má tengja við aukna höfnun barnsins á því foreldri (Baker og Eichler, 2016; Hands og Warshak, 2011; Johnston o.fl., 2005; Harman o.fl., 2020). Rannsóknir sem skoðað hafa þessa tengingu byggja á greinargóðum lýsingum lækna og meðferðaraðila, sem og þeirra sem hafa persónulega reynslu af foreldraútilokun (Harman o.fl., e.d.). Líklegra er að útilokunarforeldri verði uppvíst að öðrum tegundum ofbeldis (t.d. vanrækslu) fremur en útilokað foreldri (Sharples o.fl., e.d.). Einnig má líta á foreldraútilokandi hegðun sem eina tegund heimilisofbeldis vegna þess hversu gríðarleg neikvæð áhrif hún hefur á alla fjölskylduna (Harman o.fl., 2018).


BJÖGUN Á VERULEIKA

Foreldraútilokandi hegðun breytir tiltrú til, skynjun á og minningum um útilokaða foreldrið (Baker, 2007; Baker og Ben-Ami, 2011; Baker og Chambers, 2011). Þessi bjögun á raunveruleika næst fram

með kerfisbundinni endurmótun ásetnings hins foreldrisins þannig að jafnvel sárasaklaus hegðun umbreytist í vísbendingar um ótrúverðugleika. Vegna þess að í þessu leynist oft sannleikskorn finnur barnið ekki að því sé stjórnað. Smám saman upprætir útilokunarforeldrið getu barnsins til gagnrýnnar hugsunar og getu þess til að treysta sjálfu sér. Það leiðir til þess að innra líkan barnsins segir að það sjálft og aðrir séu ótrúverðugir og ástlausir (Bretherton og Munholland, 1999) og upplifir þar með aftengingu við bæði innri og ytri reynslu (Bentley og Matthewson, 2020). Upplifun barnsins af aftengingu og ósönnum veruleika eykst þegar útilokunarforeldri endurtaka falska frásögn við þriðja aðila sem hluta af útilokunarherferð sinni. Það er bjögunin á veruleika barnsins sem verður til þess að barnið upplifir sífelldan djúpstæðan missi. Sjá mynd 1.

MYND 1

Birtingarmyndir missis sem útilokað barn upplifir.



SÍFELLDUR MISSIR

MISSIR EINSTAKLINGSEÐLIS

Vegna þess að útilokaða foreldrið er talið óáreiðanlegt, ástlaust og ótíltækt finnst barninu það þurfa að hafna öllu því sem tengist því foreldri, þar á meðal hluta af eigin sjálfi. Samhliða því ráðskast útilokunarforeldrið með tilfinningar barnsins í þeim tilgangi að skapa óheilbrigða samheldni milli þess sjálfs og barnsins (Poustie o.fl., 2018). Það skapar hugarfarið „við“ (sambandið barn-útilokunarforeldri) gegn „hinum“ (útilokað foreldri og tengdir aðilar; Clawar og Rivlin, 2014). Útilokunarhegðunin felst m.a. í því að koma inn hjá barninu sektarkennd fyrir að tjá jákvæðar tilfinningar í garð útilokaða foreldrisins (Baker og Darnall, 2006; Poustie o.fl., 2018) og mynda bandalag eftir ýmsum leiðum sem gerir barnið háð útilokunarforeldrinu (Verrocchio o.fl., 2017). Þar af leiðandi verður barnið ófært um að sýna eigið frumkvæði og missir af tækifæri til að þroska eigin sjálfsmýnd (Poustie o.fl., 2018; Barber og Buehler, 1996).

MISSIR ÆSKU OG SAKLEYSIS

Fullorðnir sem upplifðu útilokun sem börn, lýsa reynslu sinni sem missi æskunnar. Þar sem of mikill tími og orka fór í að einbeita sér að og forgangsraða þörfum útilokunarforeldrisins (Moné og Biringen, 2012), misstu þeir af reynslu sem er nauðsynleg fyrir sálfélagslegan þroska og aðlögunarhæfni (Baker, 2007; Bentley og Matthewson, 2020; Baker, 2005). Útilokunarforeldri setur barn í stöðu eða hlutverk fullorðins (e. adultification) eða foreldris (e. parentification; Haines o.fl., 2019) þegar það gefur barninu óviðeigandi upplýsingar ætlaðar fullorðnum (t.d. varðandi dómsmál; López o.fl., 2014) eða hvetur barnið til þess að finnast það mega taka ákvarðanir ætlaðar fullorðnum (t.d. varðandi umgengnistíma; Baker og Darnall, 2006). Á sama hátt setur útilokunarforeldrið barn í hlutverk smábarns (e. infantilization) þegar það kemur fram við það eins og það væri mun yngra en það er (Haines o.fl., 2019). Þetta gerist t.d. þegar foreldrið hindrar reynslu sem þroskar sjálfstæði og

sjálfsbjargarviðleitni, á borð við leik við jafnaldra og einbeita sér að lærdómi og leik. Uppkomin börn sem upplifa síðar að útilokunarforeldrið ber ábyrgð á missi æsku sinnar upplifa einnig glötun sakleysis í eðli sambands síns við útilokunarforeldrið (Bentley og Matthewson, 2020).

MISSIR „NÓGU GÓÐS“ FORELDRIÐ


Með því að telja barninu trú um að útilokaða foreldrið hafi aldrei elskað það né viljað, yfirgefið það eða sé hættulegt, spillir útilokunarforeldrið því sem voru heilbrigð tengsl við útilokaða foreldrið (Clawar og Rivlin, 2014). Með tíð og tíma innleiðir barnið þessi neikvæðu viðhorf og elur með sér sársauka, reiði og gremju (Clawar og Rivlin, 2014). Barnið kemur til með að neita öllum jákvæðum tilfinningum sem það bar áður til útilokaða foreldrisins og upplifir það sem „alslæmt“ samanborið við útilokunarforeldrið sem er „algott“ (Bernet o.fl., 2020; Blagg og Godfrey, 2018). Á endanum mótmælir það eða neitar samskiptum við útilokaða foreldrið sem var áður skilgreint sem „nógu gott“ (Lorandos og Bernet, 2020).

MISSIR STÓRFJÖLSKYLDUNNAR

Stórfjölskyldan veitir börnum ást, viðurkenningu, andlega næringu og aðrar tegundir sálfélagslegs stuðnings gegnum lífið (Haines o.fl., 2019). Hún miðlar mismunandi hæfileikum og þekkingu sem hjálpar barninu að vera frjótt og skapandi í háttum á fullorðinsárum. Stórfjölskyldan er einnig félagslegt tengslanet, uppspretta þekkingar og veitir tilfinningalegan og félagslegan stuðning (Coleman, 1988; Wu o.fl., 2015). Útilokuð börn tapa oft þessum mikilvægu samböndum vegna foreldraútilokunar (eins og þegar komið er í veg fyrir heimsóknir ömmu og afa) sem getur haft áhrif á allt líf þeirra (Sims og Rofail, 2014; Haines o.fl., 2019). Þau missa af tækifærum til að öðlast þekkingu og lífssýn sem gæti haft áhrif á framtíðarmöguleika og stækkað félagslegt tengslanet þeirra út fyrir nánustu fjölskyldu.

MISSIR SAMFÉLAGS

Að flytja í nýtt hverfi, á nýtt svæði eða í nýtt land er foreldraútilokandi hegðun sem slítur eða minnkar samband á milli barnsins og útilokaða foreldrisins



(Haines o.fl., 2019; Poustie o.fl., 2018). Barninu er hent inn í framandi umhverfi langt frá vinum, skóla og nágrönnum, í ofanálag við þann missi sem felst í að vera útilokað barn. Börn sem hafa flust búferlum úr landi eru einnig svipt menningar- og félagslegum viðmiðum og venjum sem eru hluti af sjálfsmynd þeirra (Wall, 1996). Þessi missir verður á sama tíma og barnið er algjörlega einangrað frá félagslega stuðningskerfinu (Wall, 1996) og það því neytt til að takast á við margfaldan missi upp á eigin spýtur.

MISSIR TENGIST MISSI

Missir sambandsins milli foreldris og barns sýnir hversu flókin og samverkandi þessi mismunandi missir er. Foreldrar gegna mörgum hlutverkum í lífi barns. Þeir sjá barninu fyrir björgum og tækifærum, samanber þarfapíramída Maslows (Maslow, 1943) sem sýndur er í töflu 1. Það eru engin efri mörk á því hverju barn getur tekið við á hverju þrepi píramídans. Jafnvel þó að annað foreldrið skapi barninu tækifæri og sambönd, hagnast það líka af því sem hitt foreldrið veitir því. Þar að auki hefur fjarvera foreldris meiri þýðingu en vöntun á

björgum og tækifærum, sérstaklega þegar barnið er blekkt til að trúa því að foreldrið sé ástlaust, óáreiðanlegt og ótíltækt. Þegar barnið telur sig skaðast af sambandi sínu við útilokaða foreldrið fjarlægist barnið það foreldri á táknrænan hátt. Það hefur svo neikvæð áhrif á sjálfsmat barnsins (Ben-Ami og Baker, 2012) og það bælir minningar um ást og væntumþykju frá útilokaða foreldrinu (Bernet o.fl., 2018). Þegar barnið missir tengingu við eigin sannleika og skynjun á eigin sjálfi skapast kvíði og þunglyndi (Verrocchio o.fl., 2016), sem getur valdið því að barnið verði ófúst að viðhalda sambandi við útilokaða foreldrið. Við missi sambands við útilokaða foreldrið verður barnið algjörlega háð útilokunarforeldrinu sem gerir það líklegra til að fórna eigin þörfum fyrir útilokunarforeldrið og þar af leiðandi tapar það eigin sjálfsmynd, æsku auk sambands við stórfjölskylduna.

FRÆÐILEG NÁLGUN

Það eru margar kenningar sem nýtast til skilnings á foreldraútilokun og hvernig hún veldur börnum svo eyðileggjandi missi, þar á meðal er tengslakenningin. Ungabörn sækjast eftir huggun og nánd við tengslaaðila vegna þess að þau tengsl

TAFLA 1
Áhrif missis á þarfir barns


Pörf	Hlutverk foreldris í að mæta þörfum barns	Dæmi um áhrif foreldraútilokunar á barnið
Lífeðlisfræðileg	Að kaupa mat, fatnað, húsnæði og lyf.	Færri einstaklingar sem aðstoða við að skaffa mat, fatnað, húsnæði og lyf fyrir barnið.
Öryggi	Að sjá barninu fyrir hreinu og öruggu heimili með fyrirsjáanlegu skipulagi á daglegum athöfnum og umönnun.	Færri einstaklingar sem kenna barninu hvernig á að forðast hættur, vinna heimilisstörf, verja sjálft sig og færri sem verja barnið fyrir hættu.
Ást og að tilheyra	Að snerta barnið ástúðlega og með væntumþykju og þar með staðfesta tilfinningu barnsins um að tilheyra stórfjölskyldunni og samfélaginu.	Færri sem snerta barnið ástúðlega og með væntumþykju og þar staðfesta tilfinningu barnsins um að tilheyra stórfjölskyldunni og samfélaginu.
Virðing	Færri einstaklingar sem skapa tækifæri fyrir barnið til að taka ákvarðanir og tjá sitt sjónarhorn sem er metið að verðleikum.	Færri einstaklingar sem skapa tækifæri fyrir barnið til að taka ákvarðanir og tjá sitt sjónarhorn sem er metið að verðleikum.
Sjálfsþroski	Að skapa barninu tækifæri til að velja, tjá sig, prófa íþróttir og listir, móta færni, gildi, smekk, stíl og hæfileika.	Færri einstaklingar sem skapa barninu tækifæri til að velja, tjá sig, prófa íþróttir og listir, móta færni, gildi, smekk, stíl og hæfileika. Þessi tækifæri duga ekki ein og sér en eru nauðsynleg til að ýta undir sjálfsþroska.

Skýring: Þessi flokkun þarfa eru byggð á þarfapíramída Maslow (Maslow, 1943).

veita auknar líkur á öryggi eða því að lifa af þegar þau lenda í óöruggum aðstæðum (eins og að vera ein; Bowlby, 1973). Þegar foreldrar bregðast við ósk barns um huggun á fyrirsjáanlegan og ástúðlegan hátt metur barnið upplifunina þannig að foreldrið sé áreiðanlegt, ástúðlegt og til staðar. Útilokunarforeldrið grefur undan þessum tengslum með því að sannfæra barnið um hið gagnstæða varðandi hitt foreldrið (Bentley og Matthewson, 2020) sem hefur svo áhrif á hvernig barnið upplifir sjálft sig, hitt foreldrið og sambönd almennt.

Kenningin um samruna sjálfsmýnda (Swann o.fl., 2014) getur útskýrt hvers vegna útilokuð börn styðja og verja útilokunarforeldrið eindregið og taka þátt í að niðurlægja útilokaða foreldrið með því að búa til falskar ásakanir um ofbeldi og þvinga systkini sín til þess sama (Baker og Darnall, 2006; Clawar og Rivlin, 2014; Harman og Matthewson, 2020). Samruni sjálfsmýndar einkennist af allsráðandi tilfinningu að tilheyra hópi sem gerir mörkin á milli einstaklings og annarra óljós. Foreldraútilokun skapar þessa tegund sjálfsmýndarsamruna. Þar af leiðandi munu meðlimir hópsins, sérstaklega þeir sem hafa ættartengsl, vera tilbúnir að gera jafnmikið fyrir hópinn eins og sjálfa sig, þeim finnst þeir skyldugir til að hjálpa og verja hvern annan og munu samþykkja og taka þátt í öfgakenndu hóphatferli (Fredman o.fl., 2015).

Kenningin um óvissuinnkun getur einnig útskýrt hvers vegna börn taka þátt í óréttmætri höfnun á foreldri. Þegar fólk skortir trú á framtíð sambands tekur það upp atferli sem ætlað er að draga úr óvissu og óáreiðanleika (Berger og Kellermann, 1983), svo sem að leita ástæðna þess að sambandið sé að leysast upp (Powell og Afifi, 2005). Útilokuð börn leita að einhverri ástæðu (oft ómerkilegri) til að réttlæta höfnun sína á útilokuðu foreldri. Þau nota gagnslitlar aðferðir til að draga úr eigin efasemdum og takast á við missinn sem útilokunarforeldrið hefur framkallað, til dæmis með fyrirbyggjandi tálmun (að slíta sambandinu; Baker og Eichler, 2016; Spruijt o.fl., 2005).



Þessi mismunandi missir er tvíbentur vegna þess hann verður án vissu eða úrlausnar (Boss, 2010). Tvíbentur missir birtist á tvennan hátt, 1) þegar ástvinur er líkamlega viðstaddur en andlega fjarverandi og 2) þegar ástvinur er líkamlega fjarverandi en andlega viðstaddur (Boss, 2010). Hjá útilokuðum börnum er útilokaða foreldrið oft líkamlega fjarverandi en andlega viðstatt meðan útilokunarforeldrið er líkamlega viðstatt en andlega fjarverandi, þ.e. það er oft uppteknara af eigin andlegum þörfum en þörfum barnsins (Bentley og Matthewson, 2020; Lee-Maturana o.fl., 2020). Þessi tvíbenti missir leiðir til sorgar sem er ekki viðurkennd, upplifun á sorg sem ekki má sýna út á við og er óviðurkennd eða ósamþykkt af öðrum (Doka, 2008). Útilokaða barnið fær ekki að upplifa né tjá þessa yfirþyrmandi sorgartilfinningu sem það upplifir vegna missis sambands síns við útilokaða foreldrið (Bentley og Matthewson, 2020; Napp-Peters, 2005). Þó að það virðist sem útilokaða barnið hafi valið að hafna foreldri sínu, er höfnunin ekki val þess heldur afleiðing útilokandi hegðunar útilokunarforeldrisins (Harman og Matthewson, 2020). Þar af leiðandi hafa fullorðnir sem voru útilokaðir frá foreldri í æsku lýst djúpri sorgartilfinningu, sérstaklega vegna þess tíma sem ekki var varið með útilokaða foreldrinu (Bentley og Matthewson, 2020; Baker, 2005).

NIÐURSTÖÐUR

Börn sem verða fyrir útilokun upplifa ekki eingöngu missi sambands við foreldri. Þau upplifa bjögun á veruleikanum sem leiðir til missis á sjálfsmynd, æsku og sakleysi og tengingum við stórfjölskyldu og önnur samfélög. Með þessum margfalda missi er barnið svipt margskonar stuðningi og tækifærum sem stuðla að heilbrigðum þroska. Heilmikil þekking er til um hvernig foreldraútilokun skaðar börn sem verða fyrir henni. Það þarf að nýta þessa vitneskju núna til að vernda komandi kynslóðir barna gegn þessari skaðlegu tegund ofbeldis gagnvart börnum.

Fjármögnun

Þessi rannsókn fékk ekki neinn sérstakan fjárstuðning frá fjáröflunaraðilum, hvorki opinberum, einkareknum né góðgerðarfélögum.

Yfirlýsing vegna hagsmunaárekstra

Engu lýst yfir.

Þakkir

Höfundar vilja þakka Amanda Sillars fyrir að deila reynslu sinni sem útilokuðu barni og móður en í hana er vitnað í upphafi greinarinnar.

HEIMILDIR

Greinar sem eru sérstaklega áhugaverðar og gefnar út á þeim tíma sem samantektin nær til eru merktar á eftirfarandi hátt:

* Mjög áhugaverðar

** Einstaklega áhugaverðar

Baker, A. J. L. (2005). The Long-Term Effects of Parental Alienation on Adult Children: A Qualitative Research Study. *The American Journal of Family Therapy*, 33(4), 289–302. <https://doi.org/10.1080/01926180590962129>

Baker, A. J. L. (2007). *Adult Children of Parental Alienation Syndrome*. In *Breaking the Ties That Bind*. W. W.

Norton & Company. <https://isbnsearch.org/isbn/9780393705195>

Baker, A. J. L. og Ben-Ami, N. (2011). Adult Recall of Childhood Psychological Maltreatment in “Adult Children of Divorce”: Prevalence and Associations With Concurrent Measures of Well-Being. *Journal of Divorce & Remarriage*, 52(4), 203–219. <https://doi.org/10.1080/10502556.2011.556973>

Baker, A. J. L. og Chambers, J. (2011). Adult Recall of Childhood Exposure to Parental Conflict: Unpacking the Black Box of Parental Alienation. *Journal of Divorce & Remarriage*, 52(1), 55–76. <https://doi.org/10.1080/10502556.2011.534396>

Baker, A. J. L. og Darnall, D. (2006). Behaviors and Strategies Employed in Parental Alienation. *Journal of Divorce & Remarriage*, 45(1–2), 97–124. https://doi.org/10.1300/j087v45n01_06

Baker, A. J. L. og Eichler, A. (2016). The Linkage Between Parental Alienation Behaviors and Child Alienation. *Journal of Divorce & Remarriage*, 57(7), 475–484. <https://doi.org/10.1080/10502556.2016.1220285>

* Baker, A. J. L., Miller, S., Bernet, W. og Adebayo, T. (2019). The Assessment of the Attitudes and Behaviors about Physically Abused Children: A Survey of Mental Health Professionals. *Journal of Child and Family Studies*, 28(12), 3401–3411. <https://doi.org/10.1007/s10826-019-01522-5>

Fyrir þessa grein voru fengnar upplýsingar um hegðun og viðhorf barna gagnvart ofbeldisfullu foreldri frá geðheilbrigðisstarfsfólki sem unnið hefur með börnum sem eru þolendur alvarlegs ofbeldis. Þessi rannsókn er mikilvæg þar sem niðurstaða hennar er sú að börn sem sæta ofbeldi hafna ekki gerandanum. Sérfræðingarnir töldu frekar að meirihluti þessara barna hafi sýnt atferli til að auka eða styrkja tengslamyndun. Þessar niðurstöður gefa til kynna að þegar réttmæt ástæða fyrir að hafna foreldri er fyrir hendi, eins og þegar um alvarlegt líkamlegt ofbeldi er að ræða, þá geri börnin það ekki.

Barber, B. K. og Buehler, C. (1996). Family Cohesion and Enmeshment: Different Constructs, Different

Effects. *Journal of Marriage and the Family*, 58(2), 433.
<https://doi.org/10.2307/353507>

Ben-Ami, N. og Baker, A. J. L. (2012). The Long-Term Correlates of Childhood Exposure to Parental Alienation on Adult Self-Sufficiency and Well-Being. *The American Journal of Family Therapy*, 40(2), 169–183. <https://doi.org/10.1080/01926187.2011.601206>

** Bentley, C. og Matthewson, M. (2020). The Not-Forgotten Child: Alienated Adult Children's Experience of Parental Alienation. *The American Journal of Family Therapy*, 48(5), 509–529. <https://doi.org/10.1080/01926187.2020.1775531>

Í þessari viðtalsrannsókn lýstu fullorðnir sem upplifðu foreldraútilokun sem börn ofbeldi af hálfu útilokunarforeldris. Börnin sögðu einnig frá vandamálum í núverandi samböndum, þunglyndi, kvíða, lágu sjálfsmati, sektarkennd og minni eða seinkuðum árangri í menntun og starfsframa.

Berger, C. R. og Kellermann, K. A. (1983). To Ask or Not to Ask: Is That a Question? *Annals of the International Communication Association*, 7(1), 342–368. <https://doi.org/10.1080/23808985.1983.11678542>

Bernet, W., Gregory, N., Reay, K. M. og Rohner, R. P. (2018). An Objective Measure of Splitting in Parental Alienation: The Parental Acceptance-Rejection Questionnaire. *Journal of Forensic Sciences*, 63(3), 776–783. <https://doi.org/10.1111/1556-4029.13625>

** Bernet, W., Gregory, N., Rohner, R. P. og Reay, K. M. (2020). Measuring the Difference Between Parental Alienation and Parental Estrangement: The PARQ-Gap. *Journal of Forensic Sciences*, 65(4), 1225–1234. <https://doi.org/10.1111/1556-4029.14300>

Þessi grein ber saman stig samþykkis og höfnunar á foreldri meðal útilokunar barna, vanrækra barna, barna fráskilinna foreldra og barna í fjölskyldum þar sem foreldrar búa saman. Með því að nota spurningalistann um viðurkenningu/höfnun foreldra (e. PARQ-questionnaire) var hægt að greina útilokuð börn frá öðrum, þar sem mestur munur var í stigagjöf þeirra þegar þau

báru saman foreldra sína. Skortur á tvíbendni er ein af mörgum vísbendingum foreldraútilokunar þannig að þessi grein gefur til kynna að spurningalistinn sé ein aðferð sem gagnast í að aðgreina foreldraútilokun frá annarskonar neitun á samskiptum.

Blagg, N. og Godfrey, E. (2018). Exploring Parent-Child Relationships in Alienated versus Neglected/Emotionally Abused Children using the Bene-Anthony Family Relations Test. *Child Abuse Review*, 27(6), 486–496. <https://doi.org/10.1002/car.2537>

Boss, P. (2010). The Trauma and Complicated Grief of Ambiguous Loss. *Pastoral Psychology*, 59(2), 137–145. <https://doi.org/10.1007/s11089-009-0264-0>

Bowlby, J. (1973). *Separation: Anxiety and Anger (Attachment and Loss Volume II)*. Basic Books. <https://isbnsearch.org/isbn/9780465076918>.

Bretherton, I. og Munholland, K. A. (1999). Internal working models in attachment relationships: A construct revisited. Í J. Cassidy og P. R. Shaver (ritstj.), *Handbook of attachment: theory, research, and clinical applications*. (bls. 89–111). The Guilford Press. <https://isbnsearch.org/isbn/9781572300873>

** Clawar, S. S. og Rivlin, B. V. (2014). *Children Held Hostage: Identifying Brainwashed Children, Presenting a Case, and Crafting Solutions* (2. útg.). American Bar Association. <https://isbnsearch.org/isbn/9781627221559>

Þessi bók lýsir byltingarkenndri rannsókn á meira en 1000 fjölskyldum sem áttu í forsjárdeilum og tókust á við foreldri sem var markvisst að innræta barni sínu andúð á hinu foreldrinu. Bókin lýsir ákveðnum aðferðum sem voru notaðar af foreldrunum, íhlutunum sem dugðu ekki til að bæta úr vandanum (t.d. veita eingöngu barninu einstaklingsmeðferð) og á hvaða hátt þessi vandi hefur áhrif á alla fjölskylduna.

Coleman, J. S. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94, S95–S120. <https://doi.org/10.1086/228943>

Doka, K. J. (2008). Disenfranchised grief in historical and cultural perspective. *Handbook*

of Bereavement Research and Practice: Advances in Theory and Intervention., 223–240. <https://doi.org/10.1037/14498-011>

Fredman, L. A., Buhrmester, M. D., Gomez, A., Fraser, W. T., Talaifar, S., Brannon, S. M. og Swann, W. B. (2015). Identity Fusion, Extreme Pro-Group Behavior, and the Path to Defusion. *Social and Personality Psychology Compass*, 9(9), 468–480.

<https://doi.org/10.1111/spc3.12193>

Hands, A. J. og Warshak, R. A. (2011). Parental Alienation Among College Students. *The American Journal of Family Therapy*, 39(5), 431–443. <https://doi.org/10.1080/01926187.2011.575336>

Harman, J. J., Bernet, W. og Harman, J. (2019). Parental Alienation: The Blossoming of a Field of Study. *Current Directions in Psychological Science*, 28(2), 212–217. <https://doi.org/10.1177/0963721419827271>

Harman, J. J., Kruk, E. og Hines, D. A. (2018). Parental alienating behaviors: An unacknowledged form of family violence. *Psychological Bulletin*, 144(12), 1275–1299. <https://doi.org/10.1037/bul0000175>

* Harman, J. J., Leder-Elder, S. og Biringen, Z. (2020). Prevalence of adults who are the targets of parental alienating behaviors and their impact. *Children and Youth Services Review*, 106, 104471. <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2019.104471>

Þrjú úrtök voru valin sem einkennandi fyrir íbúa Bandaríkjanna og Kanada. Markmiðið var að meta algengi útsetningar fyrir og afleiðingar vegna útilokandi hegðunar. Með mismunandi mælingum sáu höfundar að u.þ.b. 22 miljónir fullorðinna íbúa Norður-Ameríku eru þolendur foreldraútilokandi hegðunar og meira en 4 miljónir barna hafa verið útilokuð frá foreldri að nokkru eða öllu leyti. Útilokaðir foreldrar greina einnig frá alvarlegu þunglyndi og áfallaeinkennum og næstum helmingur hafði íhugað sjálfsvíg síðastliðið ár.

Harman J. J. og Matthewson M. (2020). Parental alienation- science and law. Í Lorandos D. og Bernet W. (ristj.), *Parental alienation- science and law* (bls. 82–141). Charles C Thomas Publisher. <http://ecite.utah.edu.au/138021/>

Harman J. J., Warshak R. A. og Lorandos D. (e.d.) Parental alienation research: an enquiry into the epistemology of social science. *Department of Psychology, Colorado State University*. Handrit í vinnslu.

Haines, J., Matthewson, M. og Turnbull, M. (2019). *Understanding and Managing Parental Alienation: A Guide to Assessment and Intervention*. Routledge. <https://doi.org/10.4324/9780429316111>

Johnston J. R., Walters M. G. og Olesen N. W. (2005) The psychological functioning of alienated children in custody disputing families: an exploratory study. *American Journal of Forensic Psychology*, 23(3), 39–64. https://www.researchgate.net/publication/290552917_The_psychological_functioning_of_alienated_children_in_custody_disputing_families_An_exploratory_study

Lee-Maturana, S., Matthewson, M. og Dwan, C. (2020). Understanding Targeted Parents' Experience of Parental Alienation: A Qualitative Description from Their Own Perspective. *The American Journal of Family Therapy*, 49(5), 499–516. <https://doi.org/10.1080/01926187.2020.1837035>

Lorandos, D. og Bernet, W. (2020). Preface. Í D. Lorandos og W. Bernet (ristj.), *Parental Alienation - Science and Law* (bls. xiii–xviii). Thomas Publisher, Ltd. <https://isbnsearch.org/isbn/9780398093242>

López, T. J., Iglesias, V. E. N., og García, P. F. (2014). Parental Alienation Gradient: Strategies for a Syndrome. *The American Journal of Family Therapy*, 42(3), 217–231. <https://doi.org/10.1080/01926187.2013.820116>

Maslow, A. H. (1943). A theory of human motivation. *Psychological Review*, 50(4), 370–396. <https://doi.org/10.1037/h0054346>

Moné, J. G. og Biringen, Z. (2012). Assessing Parental Alienation: Empirical Assessment of College Students' Recollections of Parental Alienation During Their Childhoods. *Journal of Divorce & Remarriage*, 53(3), 157–177. <https://doi.org/10.1080/10502556.2012.663265>

Napp-Peters. (2005). Mehrelternfamilien als „Normal“-Familien – Ausgrenzung und Eltern-Kind-Entfremdung nach Trennung und Sscheidung.

Praxis Der Kinderpsychologie Kinderpsychiatrie, 54(10), 792–801. <https://doi.org/10.23668/psycharchives.11846>

Poustie, C., Matthewson, M. og Balmer, S. (2018).

The Forgotten Parent: The Targeted Parent Perspective of Parental Alienation. *Journal of Family Issues*, 39(12), 3298–3323. <https://doi.org/10.1177/0192513x18777867>

Powell, K. A. og Afifi, T. D. (2005). Uncertainty management and adoptees' ambiguous loss of their birth parents. *Journal of Social and Personal Relationships*, 22(1), 129–151. <https://doi.org/10.1177/0265407505049325>

Sharples A., Harman, J. J. og Lorandos D (e.d.). Findings of abuse in families affected by parental alienation. *Department of Psychology, University of Toronto*. Handrit í útgáfuferli.

